Sþ. **44. Fyrirspurn** [44. mál]

til félagsmálaráðherra um efndir í húsnæðismálum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður í einstökum atriðum efndum á því samkomulagi um húsnæðismál sem gert var í félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 21. apríl 1986 þar sem samþykkt var að vísa til milliþinganefndar í húsnæðismálum tíu tilgreindum atriðum með það yfirlýsta markmið að milliþinganefndin „skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frumvarp fram á haustþinginu“?